

A 1710/hállbart

Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um þingmannatillögu um að efla hlutverk neytenda í baráttunni gegn loftslagsbreytingum

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að þróa kerfisbundnar aðferðir til að virkja borgarana og skiptast á reynslu milli landanna varðandi neytendur sem áhrifavalda í baráttunni gegn loftslagsbreytingum;

að koma á fót árlögum norrænum viðburði í tengslum við aðgerðir borgaranna gegn loftslagsbreytingum.

Forsaga

Þingmannatillaga flokkahóps miðjumanna um „að efla hlutverk neytenda í baráttunni gegn loftslagsbreytingum“ var kynnt á þemaþinginu í sænska þinginu, Riksdagen, í Stokkhólmi 4. apríl 2017. Lagt er til að Norræna ráðherranefndin (NMR) þróa aðferðir til að virkja borgarana og miðla reynslu milli landanna um hlutverk neytenda sem erindreka í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Ennfremur tillögu um árlegan norrænan viðburð vegna aðgerða borgara gegn loftslagsbreytingum. Tillagan er rökstudd með tilvísun til þess að þátttaka borgaranna ráði úrslitum ef árangur eigi að nást í vinnu að loftslagsmálum og framfylgd Parísarsáttmálans. Fram kemur að „án verulega aukinnar þátttöku borgaranna til að draga úr loftslagsbreytingum, munu breytingar í samfélaginu ganga of hægt fyrir sig. Það verða alltaf fyrirtæki sem bjóða „gamlar“ vörur og þjónustu þar til eftirspurn eftir þeim hverfur.“

Í tillögunni er vísað til þess að „neytendur sem kjósa að vera brautryðjendur munu hafa mikil áhrif á vaxandi framboð nýrra vara eða nýrrar þjónustu og aukna framleiðslu frá tilraunastigi til fyrstu skrefa á markaði og munu skipta sköpum í að herða baráttuna gegn loftslagsbreytingum“. Enn fremur að „rannsóknir í Finnlandi sýna að borgararnir gegna stærra hlutverki en flestir gera sér grein fyrir. Til dæmis er talið að með einungis níu skynsamlegum aðgerðum neytenda mætti minnka losun Finnlands á gróðurhúsalofttegundum um það sem nemur um það bil þriðjung af markmiðum landsins um minnkun losunar fyrir árið 2030.“ Í tillögunni eru kynnt mörg jákvæð dæmi um þátttöku borgara í starfi að loftslagsmálum.

Í ljósi þess hve mikilvæg þátttaka almennings, er kallar flokkahópur miðjumanna eftir



þróun kerfisbundinna aðferða til að virkja borgarana og skiptast á reynslu milli landanna. Einnig er lagt til að standa að árlegum viðburði um loftslagsmál.

Umsagnarferli

Tillagan hefur ekki verið send í umsagnarferli. Skrifstofan hefur unnið að því að afla upplýsinga um mikilvægar loftslagsaðgerðir.

Sjónarmið nefndarinnar

Sjálfbærnefndin sér að samkvæmt nýlegri skýrslu frá Norrænu ráðherranefndinni má rekja yfir 72 % af losun gróðurhúsalofttegunda til heimilishalds¹. Því er tillaga flokkahóps miðjumanna mjög mikilvæg. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þótt mikilvægt sé að virkja neytendur, er það einungis einn þáttur í því að takast á við loftslagsmálin.

Nefndinni er ljóst að loftslagsmálin hafa verið á dagskrá Norðurlandaráðs í 20 ár og að mörg tilmæli hafa verið samþykkt, núna síðast á þinginu í Kaupmannahöfn í nóvember 2016 um framfylgd alþjóðlegra loftslagsmarkmiða (A 1673/hállbart).

Nefndin telur að þátttaka Norðurlandaráðs hafi átt þátt í því að Norræna ráðherranefndin hefur um langt skeið unnið mikið starf að loftslagsmálum. Starfinu hefur verið ætlað að varpa ljósi á viðfangsefnið og þau úrræði, sem nota má til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sem framlag í alþjóðlegar loftslagsviðræður.

Nefndin hefur kannað hvort ráðherranefndin hafi staðið að loftslagsverkefnum með áherslu á neytendur. Nefndin hefur komist að því að svo er. Sem dæmi má nefna að árið 2016 gaf Norræna ráðherranefndin út skýrsluna „Nudging in energy consumption, waste or resource effectiveness in the Nordic countries“ (TemaNord 2016:553). Í lokaorðum skýrslunnar stendur m.a. „Overall, the findings of this study provide a strong case for using nudging“. Einnig hefur verið staðið fyrir „loftslagskeppni“ í skólum á norræna loftslagsdeginum.

Nefndin sér að á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar starfar fastur starfshópur (Starfshópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu) með áherslu á sjálfbæra neyslu. Á árinu 2017 hefur hópurinn m.a. sinnt verkefnum „Sjálfbær neysla og viðskiptalíkon fyrirtækja á sviði farsíma“ (Hállbar konsumtion och företags affärsmodeller inom mobiltelefonindustrin) og „Kolefnisreiknivél fyrir neytendur á Norðurlöndum“ (Carbon calculators for consumers in the Nordic countries). Sjálfbær neysla er einnig liður í stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“.

Niðurstaða nefndarinnar er að Norræna ráðherranefndin hafi í mörg ár unnið að því að efla þekkingu um hvernig virkja megi neytendur í baráttunni gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Loftslagsmálin eru brýn bæði í bráð og lengd. Því þarf áfram að leggja áherslu á neytendur í starfi að loftslagsmálum og Norræna ráðherranefndin

¹ Heimild: Skýrsla Norrænu ráðherranefndarinnar: *Carbon calculators for consumers in the Nordic countries*.



getur gegnt mikilvægu hlutverki í því starfi. Því leggur nefndin til að Norðurlandaráð samþykki tillögu flokkahóps miðjumanna.

Reykjavík, den 20. september 2017

Christian Poll (ALT)

Irene Johansen (A)

Karin Gaardsted (S)

Kjell-Idar Juvik (A)

Liselott Blixt (DF)

Rasmus Ling (MP)

Staffan Danielsson (C)

Suzanne Svensson (S)

Sylvi Graham (H)

Teitur Björn Einarsson (Sj.)

Thomas Finnborg (M)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)